

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 541/2002 um endurgreiðslu slysatrygginga á nauðsynlegum kostnaði vegna sjúkrahjálpar.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Slysatryggingar greiða að fullu kostnað við nauðsynlega læknishjálp hins slasaða vegna slyssins hjá sérgreinalæknum sem starfa án sammings við Sjúkratryggingar Íslands, samkvæmt reglugerð nr. 333/2011 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án sammings við Sjúkratryggingar Íslands og gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands nr. 334/2011 fyrir þjónustu sérgreinalækna sem ekki hefur verið samið um.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 32. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 46/2004.

Velferðarráðuneytinu, 1. apríl 2011.

Guðbjartur Hannesson.

Bolli Þór Bollason.